



## EFNI:

Biðlisti eftir  
völdum aðgerðum  
í október 2013

bls.  
1

Samskipti við  
heilsugæslu-  
stöðvar 2012

bls.  
4

## Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir  
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

## EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa  
fréttabréfs, sé heimildar getið.

## BIÐLISTI EFTIR VÖLDUM AÐGERÐUM Í OKTÓBER 2013

Frá 2007 hefur Embætti landlæknis kallað reglulega inn biðlistaupplýsingar þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Gagnasöfnunin er hluti af lögbundnu eftirlitshlutverki landlæknis, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007.

Upplýsingar um biðlista eru birtar reglulega með ítarlegum skýringum á heimasíðu embættisins. Nú eru eingöngu birtar upplýsingar um fjölda þeirra sem beðið hafa þrjá mánuði eða lengur eftir völdum skurðaðgerðum. Í undirbúningi er aukin miðlun á upplýsingum um biðtíma eftir þjónustu, t.d. bið eftir tíma hjá heilsugæslulækni, sérfræðingi, heimahjúkrun og bið á slyshadeild.


Staðan á biðlistum eftir völdum skurðaðgerðum í október 2013 er nú fyrirliggjandi. Athygli vekur að miðað við stöðu á biðlistum í júní á þessu ári virðist biðtími eftir aðgerð almennt vera að lengjast. Innan embættisins er nú unnið að því að setja fram [viðmið um hámarks biðtíma eftir meðferð](#).

Mynd 1 sýnir hlutfall þeirra einstaklinga sem eru á bið- og vinnulista og hafa beðið þrjá mánuði eða lengur eftir ákveðnum aðgerðum. Um 83% einstaklinga sem bíða eftir gerviliðaaðgerð á hné eftir gerviliðaaðgerð á hné þurfa að bíða í þrjá mánuði eða


lengur eftir aðgerð, tæplega 80% kvenna þurfa að bíða svo lengi eftir legsigsaðgerð, 73% eftir augasteinsaðgerð, um 70% eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm, rúmlega 54% eftir brottnámi legs og kviðslitsaðgerð. Sérstaka athygli vekur fjölgun einstaklinga á biðlista eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkkunar meðtaldar) en um 53% einstaklinga á bið- og vinnulista hafa beðið í þrjá mánuði eða lengur eftir slíkrri aðgerð. Hafa þeir í huga að einstaklingar sem þurfa bráðameðferð fara ekki á biðlista.

### Biðtími eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku að meðtöldum kransæðavíkkunum.

Einstaklingum á biðlista sem hafa þurft að bíða þrjá mánuði eða lengur eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkkunar meðtaldar) fjölgar áfram (mynd 2). Þeir eru nú 123 en voru 76 í júní sl. og 50 á sama tíma



Mynd 1. Hlutfall einstaklinga sem hafa beðið  $\geq 3$  mán. eftir völdum aðgerðum í október 2013



**Mynd 2. Fjöldi karla og kvenna sem beðið hafa ≥ 3 mán. eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkkunar meðtaldar) frá okt. 2010—okt. 2013.**

júní sl. Nú eru 450 einstaklingar á biðlistanum, en voru 348 í júní sl. Einstaklingum á biðlistanum hefur fjölgað um 57% miðað við október 2012. Áætlaður biðtími eftir aðgerð á Landspítala er nú 28 vikur fyrir aðgerð á mjöðm en rúmlega ár, eða 88 vikur, vegna aðgerðar á hné. Áfram er allt að árs bið á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, þar sem áætlaður biðtími er 52-60 vikur. Áætlaður biðtími á Sjúkrahúsinu á Akureyri liggur ekki fyrir. Fjöldi aðgerða á mjöðm var svipaður árið 2012 og árið áður, en aðgerðum fækkaði um 6% á milli árána 2010 og 2012. Hins vegar fjölgaði aðgerðum á hné um rúmlega 9% á milli árána 2011 og 2012 og rúmlega 30% aukning varð á fjölda aðgerða milli árána 2010 og 2012.

**Aðgerðir á augasteini**


Eins og áður eru þeir einstaklingar sem beðið hafa þrjá mánuði eða lengur eftir aðgerð áberandi flestir á biðlista eftir skurðaðgerð á augasteini. Nú í október höfðu 1.452 einstaklingar beðið í þrjá mánuði eða lengur eftir aðgerð, samanborið við 1.147 í júní sl. Á sama tíma fyrir ári voru 1.220 einstaklingar á biðlistanum en 591 í október 2011. Þetta er 19% aukning frá því á sama tíma fyrir ári og rúmlega tvöföldun frá 2011. Áætlaður biðtími eftir aðgerð hefur lengst lítillega, en er áfram stytur á Sjúkrahúsinu á Akureyri þar sem hann er nú áætlaður 22-26 vikur. Hjá Landspítala er biðtíminn nú 48 vikur, 52-60 vikur hjá Lasersjón og 75-85 vikur hjá Sjónlagi. Heildarfjöldi aðgerða á árinu 2012 var 1.703, sem er

*Athygli vekur að um 53% einstaklinga á bið- og vinnulista eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkkunar meðtaldar) hafa beðið í þrjá mánuði eða lengur.*


fyrir ári. Eingöngu þrjú einstaklingar voru á biðlistanum í júní 2011. Fjöldi á þessum biðlista hefur oftast verið árstíðabundinn með hápunkti í október. Áætlaður biðtími hefur einnig lengst og er nú 7 vikur en var 4,8 vikur á sama tíma fyrir ári. Alls voru 1.640 aðgerðir framkvæmdar árið 2012 sem er rúmlega 8% fækkun aðgerða frá árinu áður og tæplega 9% fækkun frá árinu 2010. Heildarfjöldi hjarta- og/eða kransæðamyndataka var 1.233 fyrstu níu mánuði þessa árs og eru það nokkrum fleiri framkvæmdar aðgerðir heldur en ef tekið er mið af sama tímabili fyrir ári þegar heildarfjöldi aðgerða var 1.215. Að sögn starfsmanna Landspítala má einkum rekja ástæður aukins biðtíma til bilunar og úreldingar tækja sem og manneklur.

**Aðgerðir vegna gerviliðs í mjöðm og hné**

Einstaklingum sem beðið hafa þrjá mánuði eða lengur eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm hefur fjölgað um rúmlega 32% frá því í júní á þessu ári, en þá voru 173 einstaklingar á biðlistanum (mynd 3). Fjöldi á þessum biðlista hefur sjaldan verið meiri, en nú eru 229 einstaklingar á biðlistanum en voru 138 á sama tíma í fyrra. Einstaklingum sem beðið hafa þrjá mánuði eða lengur eftir gerviliðaaðgerð á hné (mynd 3) hefur fjölgað um rúmlega 29% frá því í



**Mynd 3. Fjöldi einstaklinga sem beðið hafa ≥ 3 mán. eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm og hné frá okt. 2010—okt. 2013.**



Mynd 4. Fjöldi kvenna og karla sem beðið hafa  $\geq 3$  mán. eftir aðgerð á augasteini frá okt. 2010—okt. 2013.

tæplega 3,5% fækkun aðgerða frá fyrra ári. Hins vegar hefur augasteinsaðgerðum fækkað um tæplega 36% frá árinu 2010.

#### Aðgerðir vegna legnáms

Konum sem beðið hafa þrjá mánuði eða lengur eftir legnámsaðgerð heldur áfram að fjölga. Nú í október voru 107 konur á biðlistanum, en þær voru 72 í júní sl. og 62 í október 2012. Á sama tíma árið 2010 voru 37 konur á biðlistanum. Áætlaður biðtími eftir aðgerð hefur lengst á Landspítala og er nú 26 vikur en var 14 vikur í júní sl. og 15,5 vikur í október 2012. Áætlaður biðtími á Landspítala var 5,7 vikur í október 2010. Áætlaður biðtími hefur ekki breyst á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, þar sem hann hefur verið 3-6 vikur allt síðastliðið ár. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlaðan biðtíma á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Heildarfjöldi aðgerða árið 2012 var 485 og er það 6,5% aukning frá fyrra ári og tæplega 15% aukning frá árinu 2010. Aðgerðum hefur fjölgað á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri, en fækkað lítillega á Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

#### Aðgerðir vegna legsigs

Konum sem beðið hafa þrjá mánuði eða lengur eftir aðgerð vegna legsigs hefur fjölgað um tæplega 35% frá því í júní sl. Nú eru 264 konur á biðlistanum, en þær voru 196 í júní sl. og 228 á sama tíma fyrir ári. Áætlaður biðtími á Landspítala, þar sem flestar aðgerðirnar eru framkvæmdar, er nú 48 vikur en var 35 vikur í júní sl. og meira en ár (65,3 vikur) í október 2012. Áætlaður biðtími á Heilbrigðisstofnun Vesturlands hefur haldist stöðugur í gegnum árin, 3-6 vikur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um

áætlaðan biðtíma á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Heildarfjöldi aðgerða árið 2012 var 477 sem er rúmlega 1% fækkun aðgerða frá fyrra ári. Aðgerðum fækkaði á Landspítala en fjölgaði lítillega bæði á Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

#### Aðgerðir vegna kviðslits

Einstaklingum sem hafa beðið þrjá mánuði eða lengur eftir aðgerð vegna kviðslits hefur fjölgað talsvert, eru nú 79 en voru 47 í júní sl. og 27 í október fyrir ári. Áætlaður biðtími sveiflast töluvert á Landspítala, er nú 20 vikur en var 13 vikur í júní sl. og 9,1 vika í október 2012. Áætlaður biðtími er stystur hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, 2-4 vikur, og hefur biðtíminn ekki breyst þar. Áætlaður biðtími er 6-7 vikur hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands en liggur ekki fyrir á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Heildarfjöldi aðgerða á árinu 2012 var 563, sem er rúmlega 20% fjölgun aðgerða á milli ára.

#### Aðrar aðgerðir

Einungis fjórir eru á biðlista eftir kransæðaaðgerð og tveir eru á biðlistum vegna aðgerðar á hjartalokum og vegna brjóslosaðgerðar. Engin kona þarf að bíða í þrjá mánuði eftir brjóstnámi og enginn er heldur á biðlistanum vegna steinbrjóstsaðgerða eða aðgerða vegna nýrnasteina og steina í nýrnaleiðurum. Fimm karlar eru á biðlistanum eftir skurðaðgerð á blöðruhálskirtli.

#### Túlkun biðlistatalna

Við túlkun biðlista ber að hafa eftirfarandi í huga:

- Biðlistar geta verið mismunandi eftir árstímum, t.d. vegna sumarleyfa starfsmanna. Við samanburð er því rétt að líta einnig til fjölda á biðlista á sama tíma fyrri ár.
- Sjúklingar geta þurft að bíða mislengi eftir því á hvaða heilbrigðisstofnun og/ eða hjá hvaða lækni þeir eru skráðir.
- Mikill fjöldi á biðlista jafngildir ekki alltaf langri bið; líta þarf til fjölda framkvæmdra aðgerða á tímabilinu.
- Sjúklingar geta sjálfir í samráði við sinn lækni frestað aðgerð en þannig lengist biðtíminn.

*Í október 2013  
höfðu 1.452  
einstaklingar beðið í  
þrjá mánuði eða  
lengur eftir  
skurðaðgerð á  
augasteini.*

Heildaryfirlit yfir stöðu á biðlistum er að finna á síðunni [Biðlistar - tölur](#) á vefsetri Embættis landlæknis. Embættið mun halda áfram að fylgjast með þróun þessara mála.

**G. Auður Harðardóttir**  
**Laura Scheving Thorsteinsson**

*Börn á fyrsta aldursári heimsækja heilsugæslustöðvar oftast allra en þar hafa komur vegna ungbarnaverndar líklega mest að segja.*

## SAMSKIPTI VIÐ HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR 2012

Tölur um [notkun heilsugæsluþjónustu](#) fyrir árið 2012 hafa verið birtar á vef Embættis landlæknis. Þar er að finna heildaryfirlit yfir samskipti einstaklinga við heilsugæsluna á landinu öllu auk upplýsinga um samskipti við einstakar heilsugæslustöðvar.

Árið 2012 var heildarfjöldi skráðra samskipta við heilsugæslustöðvar landsins tæplega 2,4 milljónir, eða sem samsvarar 7,4 samskiptum á hvern íbúa. Með samskiptum er átt við viðtöl, vitjanir, símtöl og önnur samskipti við allar starfsstéttir á heilsugæslustöðvum landsins. Ef símtöl eru ekki talin með voru samskiptin ríflega 1,6 milljón eða 5,1 á hvern íbúa. Lítil breyting hefur orðið á heildarfjölda skráðra samskipta frá árinu 2011.


### Komur á heilsugæslustöðvar

Viðtöl við lækna á heilsugæslustöðvum landsins voru nokkru færri árið 2012 en árið áður, eða 618.526 (1,9 á hvern íbúa) miðað við 635.388 (2,0 á hvern íbúa) árið 2011. Viðtölum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra fækkaði einnig lítillega árið 2012 miðað við fyrra ár, eða úr 241.888 (0,8 á hvern íbúa) árið 2011 í 236.239 (0,7 á hvern íbúa) árið 2012.


Séu allar komur (viðtöl) á heilsugæslustöðvar landsins greindar eftir kyni og aldri þeirra sem nýta sér þjónustuna má sjá að flest samskipti eru vegna yngsta aldurshópsins (mynd 1). Börn á fyrsta aldursári heimsækja heilsugæslustöðvar oftast allra en þar hafa komur vegna ungbarnaverndar líklega mest að segja. Þá leita konur í talsvert meira mæli til heilsugæslunnar heldur en karlar, en árið 2012 voru ríflega 58% viðtala á heilsugæslustöðvum við konur. Það ætti ekki að koma á óvart að munurinn milli kynjanna er mestur á frjósemissskeiðinu. Konur á þeim aldri hafa alla jafna meiri þörf fyrir heilbrigðisþjónustu heldur en karlmenn, m.a. vegna mæðraverndar og getnaðarvarna.

### Vitjanir heilbrigðisstarfsmanna á heilsugæslustöðvum

Árið 2012 voru vitjanir allra heilbrigðisstarfsmanna á heilsugæslustöðvum landsins 408.102 (1,3 á hvern íbúa), heldur fleiri en árið áður þegar þær voru 375.887 (1,2 á hvern íbúa). Sjúkraliðar sinna langstærstum hluta vitjana í heilsugæslunni, eða 66% allra vitjana, en hjúkrunarfræðingar eru sú stétt sem sinnir næststærstum hluta vitjana (27%). Eins og sjá má á mynd 2 eru vitjanir vegna elstu aldurshópanna langsamlega flestar, einkum vegna heimahjúkrunar sem sinnt er frá



Mynd 1. Komur á heilsugæslustöðvar 2012 eftir kyni og aldri á hvern íbúa.



Mynd 2. Vitjanir á heilsugæslustöðvum 2012 eftir kyni og aldri á hvern íbúa.

heilsugæslustöðvum. Sjúkraliðar í heilsugæslunni sinna heimahjúkrun í meira mæli en aðrar heilbrigðisstéttir, en árið 2012 voru vitjanir þeirra 269.341 (0,8 á hvern íbúa), nokkuð fleiri en árið 2011 þegar þær voru 246.219 (0,8 á hvern íbúa).

**Hildur Björk Sigbjörnsdóttir**  
**Lilja Bjarklind Kjartansdóttir**